



BROKEY

**SIGLINGAFÉLAG
REYKJAVÍKUR**

Kænudeild - Nauthólsvík
Umsókn um árlegan rekstrarstyrk
Reykjavík, 28. september 2020



Frímann Ari Ferdinandsson
Ómar Einarsson

frimann@ibr.is
omar.einarsson@reykjavik.is

Kæru viðtakendur,

Til fjölda ára þá höfum við hjá Siglingafélagi Reykjavíkur - Brokey árlega sótt um rekstrarstyrk til að halda uppi starfsemi kænudeildar félagsins í Nauthólsvík. Þetta fyrirkomulag er að mörgu leyti erfitt og veldu óvissu varðandi reksturinn. Síðustu ár þá höfum við verið að fá peningastyrki og að auki hafa fengist starfsmenn í gegnum sérstaka úthlutun í gegnum Hitt húsið og í ár fengust auk þess nokkur stöðugildi í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur. Síðustu ár hafa að jafnaði fengist 3 stöðugildi í 8 vikur, en alls eru 9 vikur í júní og júlí. Þá bætist við undirbúningstími fyrir kænustarfið. Félagið og umfang starfseminnar í kænudeild hefur aukist til muna síðustu ár og við stefnum að enn frekari styrkingu á starfsemi á næstu árum.

Verður nú gerð nánari grein fyrir starfseminni í sumar.

- **Siglinganámskeið**

Í sumar héldum við fjögur tveggja vikna námskeið fyrir hádegi og var fullt á þau öll en á hverju námskeiði voru rúmlega 10 þátttakendur. Námskeiðin gengu mjög vel og okkur til sérstakrar ánægju var þátttakan sérstaklega góð hjá stelpum í ár eða 36 á móti 19 stráku. Meðalaldurinn var rétt rúmlega 11 ár. Kennt er samkvæmt námskrá Siglingasambands Íslands og miðað er við að nemendur geti siglt kænu einir og með öðrum undir eftirliti að námskeiði loknu.

- **Siglingaæfingar**

Eftir hádegi alla virka daga í júní, júlí og fram í miðjan ágúst var boðið upp á æfingar fyrir A og B hópa þeirra sem æfa siglingar sem keppnisíprótt. Í ár voru nærri 20 krakkar að æfa hjá okkur með reglulegum hætti yfir sumarið. Þar er kynjahlutfallið þannig að það eru 4 stelpur og 14 strákar og meðalaldurinn um 14 ár. Einnig voru nokkrir krakkar af námskeiðum sem byrjuðu að mæta á æfingar eftir að hafa klárað námskeið.

- **Starfsmannamál**

Gunnar Kristinn Óskarson var yfirþjálfari, Ásgeir Kjartansson, Atli Gauti Ákason, Hólmfríður Gunnarsdóttir og Árni Friðrik Guðmundsson voru aðstoðarþjálfarar, en þau tvö síðarnefndu komu til starfa í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur. Til að efla enn mannauðinn hjá Brokey og styrka starfsemina sóttu aðstoðarþjálfarar félagsins þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ og stóðust próf með þryði.

- **Öryggismál**

Við leggjum mikla áherslu á að öryggimálin séu í lagi höfum við það notið styrks og stuðnings borgarinnar. Á síðustu árum höfum við fjárfest í tveimur traustum öryggisbátum af gerðinni VSR 5.4 frá Slóvakíu. Að auki erum við með gamlan Zodiac bát sem gripið er til þegar þörf er á. Allir starfsmenn eru útbúnir með talstöð. Starfsmenn fara allir á námskeið í meðferð öryggisbáta áður en starfsemin hefst.



- **Bátakostur**

Félagið hefur yfir að ráða töluverðum fjölda seglbáta sem aðalega skiptist í þrjár tegundir.

1. Optimist (9 stk)
2. Topper Topaz (5 stk)
3. Laser, 3 seglastærðir í boði (6 stk)

Margir af þessum bátum eru komnir til ára sinna en á síðustu árum hefur fjármagnið aðalega farið í að kaupa nýja öryggisbáta og á meðan hefur seglbátunum verið haldið við eins og kostur er. Við stefnum að því að kaupa nýjar tegundir í stað þeirra sem eldri eru því ákveðin framþróun hefur átt sér stað í hönnun bátanna. Þeir bátar sem við notum og horfum til eru t.d.:

Optimist > RS Tera ([sjá nánar hér](#))

Topper Topaz > RS Feva ([sjá nánar hér](#))

Laser > RS Aero ([sjá nánar hér](#))

RS Quest, sem nýst vel til að bjóða upp á námskeið fyrir fleiri og breiðari aldurshópar því um er að ræða fjölskyldubát ([sjá nánar hér](#))



- **Framtíðin í starfsmannamálum kænudeildar**

Við stefnum að því að hafa einn starfsmann í 50% starfi í 6 mánuði og 100% starfi í aðra 6 mánuði. Þessi starfsmaður myndi sjá um bátana, húsnæðið, sjá um skráningar í Nóra, símtöl og tölvupóst og skipuleggja árlegt starf deildarinnar.

Þá stefnum við að því að hafa fjóra starfsmenn í 10 vikur yfir sumarið. Þessir starfsmenn geta aðstoðað við undirbúning og munu sækja námskeið áður en starfsemin hefst.

- **Árlegur rekstrarkostnaður kænudeildar**

Hér að neðan má sjá áætlun okkar fyrir árin 2021 til 2025 varðandi heildar rekstrarkostnað kænudeildarinnar.

- **Umsókn um styrk**

Við sækjum hér með um árlegan styrk að fjárhæð 15.000.000 kr til reksturs kænudeildarinnar í Nauthólsvík.

f.h. Siglingafélags Reykjavíkur - Brokey,
Ólafur Már Ólafsson, formaður
s: 771 2090, olafur.mar@simnet.is

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey - áætlun árlegur rekstrarkostnaður.						
		2021	2022	2023	2024	2025
Launakostnaður						
Starfsm. Umsjónarmaður		5.049.000 kr	5.200.470 kr	5.356.484 kr	5.517.179 kr	5.682.694 kr
Starfsm. Yfirþjálfari (10vikur)		1.176.000 kr	1.211.280 kr	1.247.618 kr	1.285.047 kr	1.323.598 kr
Starfsm. (10vikur)		882.000 kr	908.460 kr	935.714 kr	963.785 kr	992.699 kr
Starfsm. (10vikur)		882.000 kr	908.460 kr	935.714 kr	963.785 kr	992.699 kr
Starfsm. (10vikur)		882.000 kr	908.460 kr	935.714 kr	963.785 kr	992.699 kr
Samtals laun m/ launatengdum gjöldum		10.645.200 kr	10.964.556 kr	11.293.493 kr	11.632.297 kr	11.981.266 kr
Kostnaðarliðir						
Auglýsingar		200.000 kr	206.000 kr	212.180 kr	218.545 kr	225.102 kr
Húsnæðiskostnaður		500.000 kr	515.000 kr	530.450 kr	546.364 kr	562.754 kr
Eldsneyti á öryggisbáta		300.000 kr	309.000 kr	318.270 kr	327.818 kr	337.653 kr
Viðgerðir og varahlutir öryggisbáta		200.000 kr	206.000 kr	212.180 kr	218.545 kr	225.102 kr
Tryggingar		120.000 kr	123.600 kr	127.308 kr	131.127 kr	135.061 kr
Sími, internet og tölvukostnaður		100.000 kr	103.000 kr	106.090 kr	109.273 kr	112.551 kr
Hiti og rafmagn		300.000 kr	309.000 kr	318.270 kr	327.818 kr	337.653 kr
Hafnaraðstaða í Kópavogi f/ öryggisb.		200.000 kr	206.000 kr	212.180 kr	218.545 kr	225.102 kr
Siglingafatnaður fyrir starfsmenn		150.000 kr	154.500 kr	159.135 kr	163.909 kr	168.826 kr
Björgunarvesti fyrir þátttakendur		80.000 kr	82.400 kr	84.872 kr	87.418 kr	90.041 kr
Annar kostnaður		400.000 kr	412.000 kr	424.360 kr	437.091 kr	450.204 kr
Samtals		2.550.000 kr	2.626.500 kr	2.705.295 kr	2.786.454 kr	2.870.047 kr
Kostnaður vegna báta og búnaðar						
	Einingarverð*					
Varahlutir í báta (segl, mastur, stög)		1.000.000 kr	1.030.000 kr	1.060.900 kr	1.092.727 kr	1.125.509 kr
Nýr bátur RS Tera	600.000 kr			1.200.000 kr	2.400.000 kr	1.200.000 kr
Nýr bátur RS Feva	1.100.000 kr	1.100.000 kr	1.100.000 kr	1.100.000 kr		
Nýr bátur RS Aero	1.610.000 kr					
Nýr bátur RS Quest	1.450.000 kr	1.450.000 kr	1.450.000 kr			
* gengi EUR 24/09/2020						
Samtals		3.550.000 kr	3.580.000 kr	3.360.900 kr	3.492.727 kr	2.325.509 kr
Tekjur						
Tekjur, námskeið		1.250.000 kr	1.312.500 kr	1.378.125 kr	1.447.031 kr	1.519.383 kr
Tekjur, æfingar		650.000 kr	682.500 kr	716.625 kr	752.456 kr	790.079 kr
Aðrar tekjur		200.000 kr	210.000 kr	220.500 kr	231.525 kr	243.101 kr
Tekjur samtals		2.100.000 kr	2.205.000 kr	2.315.250 kr	2.431.013 kr	2.552.563 kr
Rekstrarætlun						
Launakostnaður		- 10.645.200 kr	- 10.964.556 kr	- 11.293.493 kr	- 11.632.297 kr	- 11.981.266 kr
Kostnaðarliðir		- 2.550.000 kr	- 2.626.500 kr	- 2.705.295 kr	- 2.786.454 kr	- 2.870.047 kr
Kostnaður vegna báta og búnaðar		- 3.550.000 kr	- 3.580.000 kr	- 3.360.900 kr	- 3.492.727 kr	- 2.325.509 kr
Tekjur		2.100.000 kr	2.205.000 kr	2.315.250 kr	2.431.013 kr	2.552.563 kr
Samtals hagnaður /tap		- 14.645.200 kr	- 14.966.056 kr	- 15.044.438 kr	- 15.480.466 kr	- 14.624.260 kr
Styrkir						
Reykjavíkurborg		14.500.000 kr	14.500.000 kr	16.000.000 kr	16.600.000 kr	16.700.000 kr
ÍBR Lottó		400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr	400.000 kr
Samtals		14.900.000 kr	14.900.000 kr	16.400.000 kr	17.000.000 kr	17.100.000 kr
Hagnaður/tap		254.800 kr	- 66.056 kr	1.355.562 kr	1.519.534 kr	2.475.740 kr